

**Efni: Umsögn Trans Íslands um drög að þingsályktun um framkvæmdaráætlun í málefnum hinsegin fólks nr. 10/2022**

Trans Ísland, félag trans fólks á Íslandi, eru hagsmunasamtök trans fólks sem voru stofnuð árið 2007. Félagið hefur síðan þá verið í forsvari fyrir réttindabaráttu trans fólks og beitt sér fyrir bættum félagslegum og lagaleg réttindum í hvítvetna. Samtökin hafa spilað lykilhlutverk í lagasetningum er snúa sérstaklega að trans fólk, og má þar sérstaklega nefna lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019.

Trans Ísland fagnar þeirri aðgerðaráætlun sem er nú lögð fram er snýr að réttindastöðu hinsegin fólks. Félagið telur hana mikilvægt og tímabært skref í átt að skapa réttlátt og opið samfélag þar sem unnið er að skapa jöfnuð fyrir hinsegin fólk í íslensku samfélagi. Trans Ísland gerir hinsvegar athugasemd að ekki var haft beint samráð við félagið, þrátt fyrir að vera fremsti málsvari í réttindum trans fólks hér á landi. Félagið vill því nýta tækifærið og koma á framfæri þeim athugasemdum og ráðleggingum sem félagið hefði annars komið með ef samráð hefði verið til staðar.

Trans Ísland vill einnig hvetja til þess að skipaður verði sérstakur málsvari hinsegin fólks innan stjórnkerfisins til þess að sjá til að þessum aðgerðum verði fylgt eftir, í stað þess að það sé gert í gegnum tímabundnar aðgerðir, eða í gegnum sjálfböðavinnu hagsmunasamtaka og aðila sem beita sér fyrir þessum málaflokki.

Her fyrir neðan verður farið yfir helstu atriði sem félagið vill koma á framfæri.



## **Almennar athugasemdir**

Trans Ísland telur að mun meira fjármagn þurfi til þess að ná fram raunverulegum réttarbótum í þeim málaflokkum sem taldir eru upp. Málaflokkurinn hefur lengi verið vanræktur og lengi skort fjármagn til að veita þjónustu og halda verkefnum á lofti, sem hefur því að mestu leyti fallið til hagsmunafélaga og sjálfboðavinnu þeirra sem brenna fyrir málaflokknum. Trans Ísland telur því gríðarlega mikilvægt að meira fjármagn verði lagt í þennan málaflokk til þess að tryggja að aðgerðir verði framkvæmdar og innvið séu byggð upp til að styðja við þær framkvæmdir til framtíðar.

Nokkrar af þeim aðgerðum sem taldar eru upp eru hlutir sem hafa þegar verið tryggðir í lögum og er því ljóst að stjórnvöld hafa ekki fylgt eftir mikilvægum skrefum sem að þau lög áttu að hafa í för með sér, eins og t.d. hvað varðar aðalnámskrá, trans tengda heilbrigðisþjónustu eða réttarstöðu hinsegin fólks á flóttu eða sem sækja um alþjóðlega vernd, en þar er sérstaklega vert að nefna að síðastnefndi málaflokkurinn er þar sem Ísland hefur engin stig á Regnbogakorti ILGA. Það skýtur því skökku við að ekki hafi betur verið unnið að þessum málaflokkum á undanförunum árum.

## **Sérstakar athugasemdir við aðgerðir**

### **Aðgerð 2**

Trans Ísland telur Regnbogakort ILGA Europe vera mikilvægt tól til að kortleggja réttindastöðu hinsegin fólks og telur þær aðgerðir sem þarf að uppfylla þar vera góður mælikvarði á hvað þarf að bæta lagalega séð. Trans Ísland setur því spurningarmerki hvers vegna ákveðnir þættir þar eru ekki hluti af aðgerðaráætlunni. Trans Ísland vill því hvetja til að allir þeir þættir sem eru ekki inn í aðgerðaráætlunni verði bætt við — því annars mun Ísland ekki standa í fremstu röð þegar kemur að réttindastöðu hinsegin fólks á alþjóðavísu. Þar má helst nefna að ekki er getið kynhneigðar, kynvitundar eða



kyneinkenna í stjórnarskrá, stöðu hinsegin hælisleitenda eða flóttafólks og foreldraviðurkenningu samkynja para. Allt eru þetta málefni sem hafa verið í deiglu og er því vöntun á að það rati inn í aðgerðaráætlun.

### **Aðgerð 3**

Trans Ísland fagnar því að verið sé að kortleggja stöðu hinsegin fólks frekar, en telur að sú kortlagning og þekking sé nú þegar til staðar að mörgu leyti. Regnbogakort ILGA Europe, ásamt þekkingu hagsmunafélaga héraðs, gefur gott mið af þeim lagalegu réttindum sem er enn þörf að vinna að héraðs. Trans Ísland telur því að fjármagni væri betur eytt í rannsóknir á félagslegri stöðu hinsegin fólks, til uppræta fordóma og skapa opnara samfélag fyrir hinsegin fólk. Lítið til um rannsóknir sem snúa sérstaklega að líðan og stöðu trans fólks í íslensku samfélagi, þó svo að hagsmunasamtök viti af reynslu að víða sé pottur brotinn.

### **Aðgerð 5**

Trans Ísland telur það skynsamlegt að allt lögreglufólk hljóti fræðslu um hinsegin málefni sem órjúfanlegan part af þeirra menntun tilvonandi lögreglufólks, svo að það sé tryggt að ekki um valkvæða fræðslu eða endurmenntun sé að ræða, enda auðveldara fyrir fólk að missa af eða jafnvel koma sér undan slíkri fræðslu. Ef tryggja á að lögreglufólk hafi þekkingu og vitneskju til að þjóna hinsegin fólk þá er það mikilvægt að allir tilvonandi lögregluþjónar sitji slíka fræðslu.

Trans Ísland vill einnig benda á að mikilvægt er að stærri kerfisbreytingar eigi sér stað innan lögreglunnar þegar kemur að hatursglæpum og skráningu þeirra — ásamt því að það skortur sé á sérstakri deild sem taki á þessum málum. Hatursglæpir gegn hinsegin fólk hafa færest í aukana víðsvegar um heim, sérstaklega þegar snýr að trans fólk. Þar má sérstaklega nefna orðræðu og aðgerðir er snúa að „gender critical“ og „sex-based rights“



hatursorðræðu, sem leitast við að grafa undan réttindastöðu trans fólks og ýta undir fordóma og fjandsemi í garð þeirra. Slík orðræða er gróðrastía fyrir frekari fordóma sem leiða af sér ofbeldi og mismunun á flestum sviðum þjóðfélagslífsins.

Trans fólk hefur oft mætt skilningsleysi og beinlínis fordómum af hálfu lögreglufólks eða innan réttarkerfisins og er því mikilvægt að lagst sé í stærrri kerfislegar breytingar sem að fræðsla ein og sér er ekki að fara að leysa. Af á að vinna að virðingarverðum breytingum fyrir hinsegin fólk þá er ljóst að aðgerðir framkvæmdaráætlunar í þessum málaflokki þurfa að ná mun lengra.

## **Aðgerð 6**

Trans Ísland telur að hér sé um gríðarlega mikilvægt málefni að ræða, enda hefur þátttaka trans fólks að íþrótt-, tómsunda- og æskulýðsstarfi verið í deiglunni undanfarin ár, þar sem öfgahópar hafa leitast eftir að útskúfa trans fólk frá starfinu, og neita þeim þátttöku í samræmi við þeirra kynvitund. Mikilvægt er því að fjármagn sé lagt í þennan málaflokk til að myndaðar séu stefnur sem viðeigandi stofnanir geta fylgt — sem hefur mannréttindi, frelsi og inngilding (e. inclusion) að leiðarljósi.

Trans fólk eru sérstaklega viðkvæmur hópur og af sökum fordóma og útskúfunar er mikið af trans fólki sem hrökklast úr íþrótt-, tómsunda- eða æskulýðsstarfi. Dæmi eru um að trans fólk nýti sér ekki líkamsrækt eða sund í áratugi af ótta við útskúfun og áreiti. Trans Ísland telur slíkt beinlínis vera alvarlegt lýðheilsuvandamál sem er mikilvægt að stjórnvöld taki föstum tökum, og tryggi að íþróttahreyfingar og aðrar stofnanir vinni virkt að því að trans fólk upplifi sig sem hluta af því starfi og að þjálfarar, kennarar og annað starfsfólk innan þeirra hreyfinga séu til staðar og taki skýra afstöðu gegn fordómum og útskúfun trans fólks.



Mikilvægt er að fjármagn sé tryggt hér til að koma til móts við mismunandi þarfir, eins og t.d. að tryggja kynhlutlausu aðstöðu fyrir kynsegin ungmenni. Einnig er mikilvægt að tryggt sé að stofnanir fái viðeigandi fræðslu og leiðbeiningar um hvernig skuli vinna reglur og leiðbeiningar sem tryggja réttarstöðu trans fólks í samræmi við mannréttindi og gildandi lög.

### **Aðgerð 7**

Trans Ísland vill beina sjónum að því að þegar eru til rannsóknir sem gefa okkur vísbendingar um stöðu hinsegin ungmenna innan skólakerfisins. Trans Ísland telur það mikilvægt að þessu staða sé skoðuð, en veltir fyrir sér hvers vegna slíkt er ekki samtvinnað inn í almennar rannsóknir um líðan ungmenna til að gögn og þekking séu til staðar, og auka fjármagni eytt í sértækar rannsóknir í stað þess að það sé hluti af almennum rannsóknum sem eru þegar til staðar.

Trans Ísland hvetur því að beint verði sjónum að beinum aðgerðum til að tryggja réttindarstöðu hinsegin ungmenna, og trans ungmenna sérstaklega. Trans ungmenni eru viðkvæmur hópur sem upplifir sig enn utanveltu innan íslensks skólakerfis. Mikilvægt væri því að leggjast í aðgerðir sem myndi bæta stöðu þeirra, t.d. þegar kemur að kennsluþætti, regluverki í kringum nöfn og kennitölur þegar kemur að inna kerfi skóla, nafnakalls og prófa, samþættingu trans málefna inn í almennt námsefni, viðeigandi stuðning og sálfræðiþjónustu innan skóla til trans ungmenna, og þar lengi mætti telja.

### **Aðgerð 8**

Trans börn og ungmenni eru gríðarlega viðkvæmur hópur, sem oft mætir skilningsleysi í okkar samfélagi, þar með talið innan eigin fjölskyldu. Oft upplifa trans ungmenni að ekki sé hlustað á þarfir þeirra og að fjölskylda beinlínis beiti sér gegn því að þau geti lifað í sátt við sjálfa sig. Þetta felur meðal annars í sér tillfinningalegt ofbeldi, smánun, afneitun



eða útilokun á hinseginleika ungmenna. Það getur meðal annars birst í því að fjölskylda kemur í veg fyrir að ungmenni geti sótt þjónustu á borð við að sækja hinsegin félagsmiðstö, eða ráðgjöf hjá hagsmunasamtökum hinsegin fólks. Einnig getur ofbeldi birst í því að trans ungmennum sé neitað að sækja sér þjónustu til Barna- og unglingageðdeildar Landspítala vegna sinnar kynvitundar, og komið sé í veg fyrir að börn geti breytt um nafn og kynskráningu til að lifa sem þau sjálf, bæði félagslega og lagalega.

Trans Ísland telur því mikilvægt að ofbeldi gegn ungmennum innan fjölskyldu sé sérstaklega skoðuð, og að viðeigandi stofnanir viðurkenni slíkt ofbeldi og séu í stakk búin að takast á við slík mál sem koma upp, til að sjá til þess að tryggja að hinsegin ungmenni geti leitað réttar síns ef það er verið að beita þau ofbeldi vegna hinseginleika síns. Þessi málaflökkur hefur verið lítið skoðaður, en er óneitanlega hluti af þeim áföllum og ofbeldi sem hinsegin fólk hefur lengi þurft að þola sem ungmenni, sem hafa leitt til útilokunar og alvarlegra neikvæðra áhrifa á geðheilsu og velferð hinsegin fólks.

### **Aðgerð 9**

Trans Ísland telur mikilvægt að kyntjáning sé hér hluti af upptalningu, enda verður hinsegin fólk ekki síður fyrir ofbeldi vegna þeirrar kyntjáningar eða útlits, og má þar sérstaklega nefna trans fólk eða fólk sem fer á skjön við ríkjandi hugmyndir um kyntjáningu í samræmi við kyn.

### **Aðgerð 10 & 11**

Trans Ísland fagnar því að lagst verði í aðgerðir til að tryggja það að allt trans fólk hafi greiðan aðgang að þjónustu en slíkt er mikilvægt að tryggja til að lögum um kynrænt sjálfræði sé fylgt, sem samþykkt voru árið 2019. Eins og Trans Ísland hefur nefnt í umsögn sinni að hollustuháttarreglugerðinni er mikilvægt að hugað sé að allri þjónustu er snýr að kynjaskiptri aðstöðu, hvort sé um að ræða til íþróttaiðkunar, líkamsræktar eða



innan vinnustaða. Kynsegin fólk þarf að eiga greiðan aðgang að aðstöðu allstaðar og þarf að tryggja viðeigandi fjármagn og ábyrgð svo að slíkar aðgerðir sitji ekki á hakanum af sökum „skorts á fjármagni“.

Lengi hefur verið kallað eftir þessum breytingum og er ljóst að þessi þörf hefur verið lengi til staðar. Trans Ísland gagnýnir því að aðgerð í 11 aðgerð sé einungis miðað við 2024-2025, enda aðgerðir sem ætti löngu verið farnar af stað og tryggðar. Trans fólk forðast enn að nýta sér slíka þjónustu af ótta við útskúfun, fordóma eða skort á aðstöðu við hæfi. Einnig eru dæmi um það að starfsfólk hafi reynt að skikka trans konur og trans karla til að nota kynhlutlaus aðstöðu, þrátt fyrir að eiga lagalegan rétt á að nýta sér aðstöðu í samræmi við kynvitund.

Lítið hefur einnig verið um fræðslu í þessum málaflokki og er mikilvægt að slíkt sé tryggt og að starfsfólk viti hvernig skuli bregðast við fordómum eða áreiti sem trans fólk getur orðið fyrir í kynjuðum rýmum. Til að tryggja að allt trans fólk geti notað aðstöðu í samræmi við kynvitund er því mikilvægt að settar séu skýrar reglur og regluverk um ingilding og vernd fyrir trans fólk.

## **Aðgerð 12**

Samkvæmt lögum um kynrænt sjálfræði eiga allar stofnanir að tryggja að eyðublöð og skráningarform innihaldi þriðja möguleikan þegar kemur að kynskráningu. Mikilvægt er að stjórnvöld beiti sér ekki eingöngu að slíkt sé til staðar hjá sveitarfélögum (enda væri slíkt beinlínis lögbrot ef það er ekki þegar til staðar), heldur líka hjá viðeigandi undirstofnunum.

Lög um kynrænt sjálfræði kváðu skýrt á að öllum stofnunum og fyrirtækjum ber lagaleg skylda til að tryggja að slíkt sé til staðar, en ennþá eru dæmi um að trans fólk sé að lenda



á veggjum innan þjónustu, meðal annars innan heilbrigðiskerfisins, þar sem ekki er til staðar þriðja kynskráningin. Það á ekki að vera í höndum einstaklinga sem leita sér þjónustu að sjá til þess að stofnanir séu að fylgja gildandi lögum, eða þurfa að standa í því að leiðbeina eða jafnvel standa í deilum við stofnanir um inngildingu þriðju kynskráningarinnar.

Samtökin '78 og Trans Ísland hafa útbúið greinargóðar leiðbeiningar um hvernig skuli innleiða þriðju kynskráninguna og væri gott ef að stjórnvöld gætu fylgt því eftir þar sem við á innan sinna sveitarfélaga og stofnana. Vert er að nefna að þær leiðbeiningar voru gerðar í sjálfböðavinnu af einstaklingum innan hagsmunasamtaka, í stað þess að slíkt væri fjármagnað af stjórnvöldum sem innleiddu sjálf lög.

### **Aðgerð 13**

Trans Ísland fagnar þessari aðgerð og vill undirstrika að slík fræðsla ætti að ná til allra kjörinna fulltrúa og starfsfólks Alþingis, enda eru þar teknar mikilvægar ákvarðanir um réttindastöðu hinsegin fólks. Einnig er mikilvægt að slík fræðsla sé ekki valkvæð, heldur hluti af þjálfun og starfi allra sem starfa á þessum vettvangi. Mikilvægt er að sú fræðsla sé sömuleiðis sérsniðin af því sviði sem fólk starfar við, enda mismunandi málaflokkar er snerta mismunandi þætti og starf innan sveitarfélaga og starfsfólks ríkisins almennt.

### **Aðgerð 14**

Trans Ísland setur spurningarmerki við orðalag þessar aðgerðar, þá sér í lagi að gerð verði könnun á „viðhorfi og þekkingu atvinnurekanda“ á stöðu og aðgengi hinsegin fólks á vinnumarkaði. Nær í lagi væri að skoða líðan og upplifun hinsegin fólks á vinnumarkaði og bera hana saman við viðhorf stjórnenda, enda er hluti vandamálsins að stjórnendur geri sér ekki grein fyrir mismunun og fordómum sem þau beita hinsegin fólk jafnvel sjálf, eða starfsfólk þeirra. Rannsóknir erlendis frá sýna fram á að hinsegin fólk upplifir enn





skilningsleysi og fordóma á vinnumarkaði, en bresk rannsókn framkvæmd af Totaljobs sýndi að hátt í 65% trans fólks leynir kynvitund sinni á vinnustað af ótta við fordóma og mismunun.

Það væri því mun meira viðeigandi að gerð verði úttekt sem snýr að upplifun hinsegin fólks en ekki þeirra sem eru í forréttindastöðu og skortir þekkingu eða er jafnvel fordómafullt gegn hinsegin fólki. Með slíkum rannsóknum væri svo hægt að mynda aðgerðir og regluverk sem vinnur gegn þeim fordómum og skilningsleysi sem hinsegin fólk mætir á vinnumarkaði.

## **Aðgerð 16**

Trans Ísland hefur lengi kallað eftir því að þeim greinum innan laga um kynrænt sjálfræði sé framfylgt þegar kemur að verklagsreglum LSH og BUGL er snýr að trans tengdri heilbrigðisþjónustu. Lengi hefur verið óljóst hverjar verklagsreglur eru innan þessarar þjónustu, enda hafa þær aldrei verið opinberar eða aðgengilegar. Trans Ísland vill því hvetja til þess að við endurskoðun slíkra reglna verði farið eftir allra fremstu verklagsreglum, þar sem upplýst samþykki og staðfestandi umönnun sé í forgrunni, enda slíkt í takt við þróun og þekkingu á þessu sviði sem er talið mikilvægt að þjónustuaðilar tileinki sér. Einnig vill Trans Ísland að aukið sé gegnsæi þegar kemur að gerð slíkra verklagsreglna og þær séu aðgengilegar.

Meðal félagsfólks Trans Ísland hefur lengi ríkt ákveðin óænægja varðandi ákveðna þætti trans tengdrar heilbrigðisþjónustu, og má þar sérstaklega nefna skort á fjármagni og aukningu starfshlutfalls þeirra sem við hana starfa, ásamt löngum biðlistum sem hafa myndast eftir þjónustu á borð við tíma hjá innkirtlafræðingum og skurðaðgerðum.



Þau teymi sem veita þessa þjónustu hafa ekki nægilegt fjármagn til að sinna þeirra auknu þörf sem hefur myndast, og hefur lágur starfshlutfall starfsfólks sömuleiðis orðið til þess að trans fólk hefur ekki fengið nægilega sálfræðiþjónustu meðfram sínu ferli. T.a.m. lagðist eiginlegt trans teymi BUGL niður í tæpt ár og hefur einungis nýlega verið tekið aftur til starfa, sem olli trans ungmennum og fjölskyldum þeirra ómældum áhyggjum og vanlíðan. Slíkt er verulegt áhyggjuefni, enda þarfnast trans fólk oft stuðnings til að takast á við þær áskoranir sem þau standa frammi fyrir þegar þau koma út úr skápnum, ásamt þeim fordómum og skilningsleysi sem þau kunna að mæta.

Sálfræðingar og geðlæknar almennt hafa litla þekkingu á málefnum og á trans fólk því oft erfitt með að leita sér þjónustu annarstaðar, en auðvitað væri best að það fólk sem starfar með trans fólk í gegnum sitt ferli gæti veitt hana. Langir biðlast eftir tímum hjá innkirtlafræðingum og til að komast í aðgerðir eru stórt áhyggjuefni, sem hefur valdið trans fólk ómældum skaða, þar sem geðheilsu þeirra hrakar við bið sem virðist engan enda taka.

Það er því lykilatriði að aðgerðaráætlun sem þessi tryggir að trans tengd heilbrigðisþjónusta fái aukið fjármagn og að hún sé sett í meiri forgang, enda hefur trans fólk lengi verið vanrækt innan íslensks heilbrigðiskerfis. Aðgerðaráætlun sem þessi þarf því að mynda skýra stefnu í þessum málaflokki og sjá til þess að hún sé að skapa raunverulegar breytingar fyrir trans fólk, þar sem þörfin er svo sannarlega mest.

### **Athugasemdir við reglugerð**

Trans Ísland vill sérstaklega vekja athygli á því að ekki er rétt með mál farið í greinargerð þar sem stendur að foreldrar standi jafnfætis þegar kemur að barneignum og foreldrastöðu. Eins og Trans Ísland skilaði inn í umsögn sinni um málið á sínum tíma, þá hefur mismunurinn innan þessara laga ekki verið afnumin. T.a.m. þurfa tvær konur, eða



einstaklingar með kvenkyns kynskráningu, ennþá að staðfesta foreldrastöðu sína ef þær fara í gegnum glasafrjóvgunarferli, sem að karl og kona þurfa ekki. Einnig hafa komið upp dæmi þar sem að einstaklingur með kynhlutlausu skráningu þarf að gera slíkt hið sama. Núverandi lög ala því á tortryggni í garð hinsegin fólks, en leggja fullt traust til þeirra sem eru ekki hinsegin. Það er gríðarlega mikilvægt að þessu sé breytt, til að tryggja réttlæti og jafnan rétt frammi fyrir lögum. Ísland getur ekki skartað sig af því að foreldrastaða hinsegin fólks sé jöfn samkvæmt Regnbogakorti ILGA Europe ef þessar breytingar eiga sér ekki stað.

Trans Ísland vill einnig gera athugasemdir við að Jafnréttisstofa hafi eftirlit með lögum er varða hinsegin fólk án þess að tryggt sé að sérfræðipekking á þeirra málefnum sé þar til staðar. T.a.m. var umsögn Jafnréttisstofu um kynrænt sjálfræði notuð af flokkum á Alþingi til að beita sér gegn lögleiðingu þeirra laga. Trans Ísland vill því að tryggt verði að starfsfólk innan Jafnréttisstofu sé með viðeigandi sérfræðipekkingu og mannafla til að sinna þessum málaflokki sem skyldi, svo að trans fólk upplifi ekki að eftirlitsaðilar með þeirra réttindastöðu skilji ekki ekki þeirra málaflokk til hlítar, eða beiti sér jafnvel gegn þeim.

Trans Ísland gerir einnig athugasemdir við hluta greinargerðar er snýr að heilbrigðisþjónustu, enda telur félagið ekki að aðgerðaráætlunin taki nægilega vel á heilbrigðisþjónustu er snýr sérstaklega að trans fólki, og harmar að sá málaflokkur hljóti ekki meira vægi í ljósi þeirra vankanta og vanrækslu sem hefur lengi ríkt, eins og er rakið ofar í umsögninni.

## **Niðurlag**

Á sama tíma og félagið fagnar að hér séu margar og tímabærar aðgerðir útlistaðar, þá hvetur Trans Ísland til þess að meira fjármagn verði lagt í málaflokkinn og að aðgerðir nái



lengra og taki á þeim þáttum þar sem þörfin er mest. Trans Ísland vill þar sérstaklega nefna heilbrigðisþjónustu fyrir trans fólk, enda telur félagið vanta verulega upp á metnað stjórnvalda í að tryggja réttindastöðu trans fólks í þeim málaflokki. Það er ljóst að tryggja verður stöðu trans fólks innan heilbrigðiskerfisins til að tryggja vellíðan og velferð þeirra innan íslensks samfélags.

Félagið vonar að athugasemdir og ráðleggingar verði teknar til skoðunar og gerðar viðeigandi úrbætur, en félagið er svo sannarlega tilbúið að vera til samráðs og að halda samtalinu áfram um þau málefni sem við vekjum hér athygli á.

Virðingarfyllst,

F.h. Trans Íslands, félags trans fólks á Íslandi,

Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir,

Kynjafræðingur og formaður Trans Íslands

